

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1306**  
**komudagur 10. 3. 2004**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2004.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn nr. 43/2003, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 786 – 514. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Að mati nefndarinnar er orðalagið "...i störfum sínum á vegum björgunarsveita" ekki mjög afmarkað og til þess fallið að valda ágreiningi síðar. Telur nefndin heppilegra að nota orðalagið "...við æfingar, björgun, leit og gæslu", enda eru síðar nefndu hugtökin skilgreind í 2. gr. laga nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Að öðru leyti gerir laganefnd LMFÍ ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður